



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	Fundur stjórnar KLÍ
Staðsetning:	Fundarsalur ÍSÍ
Hvenær:	11. 3. 2026
Þátttakendur:	Valgerður Rún Benediktsdóttir - Formaður Jóhann Ágúst Jóhannsson – Gjaldkeri Guðmundur Sigurðsson – Varaformaður Helga Hákonardóttir – Meðstjórnandi Böðvar Már Böðvarsson – Varamaður Þórarinn Már – Framkvæmdastjóri KLÍ
Fjarverandi:	Ársæll Rafn Erlingsson – Ritari Katrín Fjóla Bragadóttir - Varamaður
Fundarritari:	JÁJ

Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð síðasta fundar ókláruð og samþykkt frestað um sinn.

Tillaga tækninefndar varðandi Urethane kúlur

- Tillaga kom frá Tækninefnd varðandi að taka upp sbr. bann og EBF / IBF / USBC búið að setja. VRB fer yfir stöðuna hvað tillagan felur í sér.
- Rætt um framkvæmd þá m.t.t. dómgæslu. Ekki lagt til að gera meira en staðan er í dag og ræða frekar málin almennt.
- JÁJ setur upp frétt um málið á miðla og VRB fer í að skoða reglugerðir.

Umgjörð um landsliðsþjálfara

- Viðmið um greiðslur fyrir landsliðsþjálfara – Skjal sem VRB sendi á stjórn til umræðu. Rætt um dagpeninga, menntunarkröfur, farið vítt yfir sviðið.
 - VRB leggur til að þetta skipulag verði keyrt í 2 ár, endurskoðað árlega.
 - Rætt um öldungana, VRB leggur til í pósti á stjórn að grunnþóknun sé á öldungabjálfa, dagpeningar eru ekki þar inni í, ÞMP nefnir mótsgjöldin.
 - Um er að ræða verktakagreiðslur og aðilar þurfa því að vera klárir á því.
 - Ljóst að það þarf að endurskoða málin upp á að gæta að skattamálum þannig að við séum með allt upp á borðum.
- Starfslýsing þjálfara
 - VRB fer yfir skjalið sem hún sendi á stjórn. Bætt við ÍSÍ stigum og gilt skyndihjálparskírteini.
 - Starfslýsing samþykkt.
- Sniðmát þjálfarasamninga
 - VRB fer yfir skjalið sem sent var á stjórn, smá umræða um þetta almennt en allir sátir við skjalið.
 - Skoða þarf betur B lið um greiðslur sbr. hér að ofan.

Landsliðsþjálfari fyrir karlalandsliðið

- Fundargerð kom frá Landsliðsnefnd með tillögu að nafni. GS og ÞMP voru með nöfn sem hafa verið á lista. VRB leggur til að rætt sé við þessa aðila óformlega til að kanna stöðuna, samþykkt, óformlegt spjall verður sett upp við aðila.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Erindi frá Keiluhöllinni

- VRB var að ræða við KHE um ýmis mál, þá kom fram hjá þeim að þeir vilja fá brautir til baka á mánudögum og þriðjudögum, segjast ekki geta látið allt húsið undir okkur á þessum tíma, vilja færa eitthvað yfir á helgar. PMP nefnir að umræða frá KHE hafi verið að hafa 8 brautir í deild á þessum dögum og 4 undir æfingar. Ljóst að erfiðlega gengur að koma öllu fyrir um helgar plús Íslandsmótin.
- VRB kallar eftir nánari útskýringum frá KHE um málið, tekið áfram með PMP og KEIRR.

Mótahald í mars

- VRB fer yfir aðeins stöðuna, værum til í að sjá meiri skráningu í Íslandsmót einstaklinga, 18 kk og 17 kvk.
- Íslandsmót öldunga er sæmileg skráning.
- JAJ fer í að skoða auglýsingar / fréttir á miðla.

Fundur með Toppstöðinni

- VRB fer yfir fund sem var með fulltrúum Toppstöðvarinnar og KLÍ. Fjárfestar komnir inn í Toppstöðina, það er tillaga hjá þeim að stækka í kjallara um 1.000 m². Samtal þarf fyrir þá við RVK upp á möguleikana fyrir keiluna.
- Setjum allan þrýsting á alla staði, rætt um Vesturbæinn, Akureyri o.fl.

Öldunganefnd

- Tillaga frá Landsliðsnefnd um öldunganefnd. Stjórn ekki sammála tillögunni, vantar betri tengingu við hópinn.
- PMP ætlar að pósta inn í hópinn og athuga hverjir væru til í að koma að þessu. Rætt um verkefni nefndar sem eru í raun ekki mikil nema samskipti við stjórn og landsliðsnefnd.

Undirbúningur lokahófs og ársþings

- PMP sendi á Abler skilaboð á konur í dag. Beðið eftir svörum þaðan varðandi lokahóf sem verður 18. apríl. Að öðrum kosti þarf að skoða aðra hópa, annars standandi lokahóf í ÍSÍ.
- Þing er tímasett 9. maí, búið að tala við ÍSÍ um hefðbundinn þingforsetastörf.

Stefnumörkun/áherslumál/endurskoðun á starfsemi

- VRB fer yfir stöðuna, rætt um að hafa þetta í lok tímabils. Tvær útfærslur eru í raun í boði, verkleg eða vef/net fyrirspurnir. Lagt til að útfæra í raun báðar leiðir, VRB sendir á félögin athugun. Þarf að finna tíma í raun fund seinni hluta maí.

Uppfærð fjárhagsáætlun

- Frestað, ekki alveg búið að klára uppsetningu á tölum.

ATC (útfærsla)

- Þetta mót var ekki inni í fjárhagsáætlun KLÍ skv. fyrri ákvörðun. Boðið var sent á félag og spurning hvernig við viljum almennt tækla þetta, hugmynd með konur að þær úr A hópi sem ekki fara á EM fengju boð. Rætt um að gæta jafnræðis milli félaga fyrst eitt félag fékk boð. PMP tekur samtal við félögin um að skoða þátttöku.

RecruitUS

- Rætt um póst sem kom frá þeim, búið að fá staðfestingu frá aðila úti að þetta er verkefni sem er í gangi út. Lagt til að koma þessu á framfæri við afrekshóp ungmenna. ÞMP kemur á samskiptum við aðilann.

Önnur mál

- VRB afhendir ÞMP afmælisgjöf frá KLÍ í tilefni 70. afmælis hans í gær.
- GS nefnir að ÍA-TV er heitt fyrir því að streyma frá úrslitum bikars ef þau fara fram á Skaganum. Stangast á við reglugerð en ákveðið að heyra í liðum og kanna stöðuna hvort þau séu til í þetta fyrir frægðina.
- GS talar um að Böddi sé með hugmyndir um upptökubúnað og efnisvinnslu. JÁJ vill fá formlegt erindi um þetta, almennt vel tekið í pælingarnar.

Fundi slitið kl. 19:55